

Reykjavík, 6. desember 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), 468. mál.**

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp og gera eftirfarandi athugasemdir.

**Fjársýsluskattur**

.....

**Skattskylda erlendra aðila af vaxtatekjum**

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að felldur verði brott 8. tl. 4 gr. tekjuskattslaga og þar með skattskylda erlendra aðila af vaxtatekjum felld niður frá og með 1. janúar 2013. SFF fagna þessu þar sem skattskyldan hefur leitt af sér alvarlegar hindranir við útgáfu og skráningu alþjóðlegra skuldabréfaramma (EMTN) af hálfu íslenskra fjármálafyrirtækja. Ástæðan er sú að erlend greiðslumiðlunarfyrtæki hafa hafnað því að taka íslensk bréf til viðskipta á erlendum mörkuðum vegna ómöguleika við framkvæmd íslenskra laga um þetta efni.

**Skattlagning afleiðusamninga**

Í 4. -8. gr. eru ákvæði sem ætlað er að breyta gildandi rétti um skattlagningu afleiðusamninga. Gert er ráð fyrir að hagnaður af afleiðusamningum, að undanskildum vaxtaskiptasamningum, verði meðhöndlaður sem söluhagnaður í stað fjármagnstekna. Hér er um mjög jákvætt skref að ræða og með þessu er skattaleg meðferð afleiða færð til samræmis við það sem almennt tíðkast í nágrannaríkjunum. Þó er ástæða til að benda á að enn kunna að standa út af einhver atriði sem starfshópur fjármálaráðuneytis lagði til að tekið yrði á í skýrslu sinni um þessi mál frá júní 2012. Má sem dæmi nefna að hópurinn benti á nauðsyn þess að settar yrðu reglur um tímupunkt uppgjors í samræmi við dóm Hæstaréttar, nr. 130/2011, sem kveðinn var upp þann 19. janúar 2012. Í dag er framkvæmdin sú að við framlengingu samninga er litið svo á að samningunum ljúki sem leiðir til lokauppgjors. Þá benti hópurinn á að hafa þyrfti í huga að jafnan er um fleiri en einn samning að ræða og því vakni sú spurning hvort heimila eigi að jafna hagnaði af einum samningi við tap á öðrum innan ársins sbr. 24. og 31. gr. tekjuskattslaga.

**Framlenging bráðabirgðaákvæða í stimpillögum**

Í 36. gr. er gert ráð fyrir framlengingu bráðabirgðaákvæða í stimpillögum sem heimila niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignalána og bílalána um eitt ár. SFF fagna þessu þar sem skuldaúrvinnsla heimila er ekki að fullu lokið eftir efnahagshrunið 2008. Þó er bent á að best færi á því að festa í sessi stimpilfrelsi skjala sem til eru komin vegna endurfjármögnunar en það myndi stuðla að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði og auka þannig hag lánþega.

**Framlenging bráðabirgðaákvæða tekjuskattslaga um skattfrelsi afskrifta skulda**

Skuldaúrvinnslu heimila og fyrirtækja er ekki að fullu lokið hjá fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði vegna efnahagshrunsins. Því benda SFF á að full ástæða er til þess að framlengja a.m.k. um eitt ár bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga nr. XXXVI um skuldaúrvinnslu fyrirtækja og nr. XXXVII vegna skuldaúrvinnslu einstaklinga.